



Öryggisblað

Skrifað þann: 23-01-2018

Útgáfa öryggisblaðs: 1.2

1. LIÐUR: Auðkenning efnisins/blöndunnar og félagsins/fyrirtækisins

1.1. Vörukenni

Vöruheiti: SpaCare pH Up Granular

Vörunn.: 606

REACH-skráningarnr.: 01-2119485498-19-XXXX

1.2. Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá

Ráðlögð notkun: Jöfnun og stýring vatns í heilsulind / sundlaug.

1.3. Upplýsingar um birgi öryggisblaðsins

Nafn fyrirtækis og heimilisfang:

Wendt & Sørensen A/S

Vølundsvej 18-20 DK-3400 Hillerød,

sími: +45 48 25 31 11

fax: +45 48 24 13 09

www.w-s.dk

Söluaðili:

Tengi ehf

Smiðjuvegur 76, 200 Kópavogur

Sími: 414-1000

www.tengi.is

Tengiliður og netfang:

Peter Weisz Knudsen, info@w-s.dk

Öryggisblaðið er útbúið og staðfest af: Mediator A/S,
Centrevej 2, 6000 Kolding. Ráðgjafi: LMJ

1.4. Neyðarsímanúmer

Eitrunarmiðstöð: 543 2222

2. LIÐUR: Hættugreining

2.1. Flokkun efnisins eða blöndunnar

CLP (1272/2008): Augnerting 2; H319.

Heildartexti hættusetninga – sjá hér að neðan í 16. lið.

2.2. Merkingaratriði



Viðvörðunarráð:

Viðvörðun

Veldur alvarlegri augnertingu. (H319)

Ef leita þarf læknis skal hafa ílát eða merkimiða tiltæk. (P101)

Geymist þar sem börn ná ekki til. (P102)

Notið hlífðarhanska/aughlífar/andlitshlífar. (P280)

BERIST EFNIÐ Í AUGU: Skolið varlega með vatni í nokkrar mínútur. Fjarlægið snertilinsur ef það er auðvelt.

Skolið áfram. (P305+P351+P338)

Fargið innihaldi/íláti í samræmi við staðbundnar reglur um meðferð og förgun. (P501)

2.3. Aðrar hættur

-

Aðrar merkingar:

-

Annað

-

3. LIÐUR: Samsetning innihaldsefna/upplýsingar um innihaldsefni

3.1./3.2. Efni/blöndur

Innihaldsefni	Skráningarnr. / REACH-skráningarnúmer:	CAS-/EB-nr.	CLP-flokkun	w/w %	Athugasemdir
Natríumkarbónat	011-005-00-2 / 01-211948549819-XXXX	497-19-8 / 207-838-8	Augnerting 2; H319	95-100	-

Heildartexti hættusetninga – sjá lið 16.



4. LIÐUR: Ráðstafanir í skyndihjálpi

4.1. Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi

Innöndun:	Leitið út undir bert loft. Hafið slasaða einstaklinginn undir eftirliti. Leitið lækni ef lasleika verður vart.
Inntaka:	Skolið munninn vandlega og drekkið 1-2 glös af vatni í litlum sopum. Ekki framkalla uppköst. Leitið lækni ef lasleika verður vart.
Húð:	Farið úr fötum sem óhreinast af efninu. Þvoið húðina með vatni og sápu. Leitið lækni ef vart verður við langvarandi óþægindi.
Augu:	Skolið strax með vatni (helst með augnskölunarbúnaði) í minnst fimm mínútur. Opnið augað mjög vel. Fjarlægjið snertilinsur ef þær eru til staðar. Leitið lækni.
Aðrar upplýsingar:	Ef leita þarf lækni skal hafa öryggisblaðið eða merkimiða vörunnar meðferðis.

4.2. Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafir

Ertandi áhrif: Varan inniheldur efni sem hafa staðbundin ertandi áhrif í snertingu við húð/augu eða við innöndun. Snerting við efni sem valda staðbundinni ertingu getur leitt til þess að ertingarsvæðið verður berskjaldaðra fyrir upptöku hættulegra efna, svo sem ofnæmisvalda.

4.3. Upplýsingar um tafarlausa lækniáætlun og sérstaka meðferð sem þörf er á

Sýnið lækni eða starfsmanni bráðamóttöku þetta öryggisblað.

5. LIÐUR: Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

5.1. Slökkvibúnaður

Notið duft, froðu, kolsýru eða vatnsúða við slökkvistörf. Notið ekki vatnssprautu, þar sem slíkt getur aukið dreifingu eldsins.

5.2. Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar

Varist innöndun gufa og lofttegunda – leitið út undir bert loft. Við bruna klofnar varan og hættulegar lofttegundir, svo sem kolefnisoxíð og tiltekin málmoxíð, kunna að myndast. Við bruna myndast þéttur, svartur reykur. Váhrif af niðurbrotsefnum geta valdið heilsufarshættu. Slökkviliðsmenn skulu nota viðeigandi hlífðarbúnað. Kælið lokuð ílát á brunasvæði með vatni. Látið vatn sem notað var við slökkvistarf ekki komast í niðurföll og vatnskerfi.

5.3. Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn

Mengað slökkvivatn sent til förgunar.

6. LIÐUR: Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysi



6.1. Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir Notið

persónuhlífar – sjá 8. lið **6.2. Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins** Forðist losun í holræsi – sjá 12. lið.

6.3. Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar

Notið vatnsúða til að binda ryk. Þurrkið upp eða safnið saman efni sem hefur lekið og flytjið í viðeigandi úrgangslát til endurnýtingar eða förgunar. Frekari meðhöndlun leka – sjá 13. lið **6.4. Tilvísun í aðra liði** Sjá hér að framan.

7. LIÐUR: Meðhöndlun og geymsla

7.1. Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun

Nánari upplýsingar um verklagsreglur við notkun og um persónuhlífar eru í 8. lið. Vöruna skal nota á vel loftræstum stað. Rennandi vatn og augnskolunarbúnaður skulu vera aðgengileg.

7.2. Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika

Geymið í vel lokuðum upprunalegum umbúðum. Geymist á þurrum, svölum, frostlausum stað. **7.3. Sértek, endanleg notkun** Sjá upplýsingar í 1. lið.

8. LIÐUR: Váhrifavarnir/persónuhlífar

8.1. Takmörkunarfærubreytur

Viðmiðunarmörk samkvæmt tilkynningu nr. 507 frá 17/05/2011 um viðmiðunarmörk fyrir efni og hráefni, með áorðnum breytingum: - **DNEL-/PNEC-gildi:**

DNEL - Natríumkarbónat:

Innöndun	Langvinn áhrif	Staðbundin áhrif	Starfsfólk	10 mg/m ³	Innöndun
	Skammvinn áhrif	Staðbundin áhrif	Almenningur	10 mg/m ³	

8.2. Váhrifavarnir

Engin váhrifasviðsmynd hefur verið sett fram fyrir þessa vöru.

Ráðstafanir vegna váhrifavarna:

Þvoið hendur fyrir vinnuhlé, fyrir salernisferðir og eftir vinnu. Notið hlífðarbúnað sem tilgreindur er hér að neðan þegar unnið er með vöruna. **Persónuhlífar:**



Innöndun:	Ekki krafist.
Hendur:	Ráðlagt: Neoprengúmmí.
Augu:	Notið hlífðargleraugu eða andlitshlíf.
Húð og líkami:	Notið viðeigandi vinnufatnað.



Ráðstafanir gegn váhrifum á umhverfi Tryggja skal að farið sé

að staðbundnum reglum um losun.

9. LIÐUR: Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar
9.1. Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika

Útlit:	Hvítt, fast efni
Lykt:	Lyktarlaust
Lyktarmörk:	-
pH-gildi:	-
Bræðslumark/frostmark (°C):	854
Upphafssuðumark og suðumarksbil (°C):	-
Blossamark (°C):	-
Uppgufunarhraði:	-
Eldfimi (fast efni, lofttegund):	-
Efri/neðri eldfimimörk eða sprengimörk (% m.v. rúmtak):	-
Gufuþrýstingur (Pa):	-
Eðlismassi gufu (loft = 1):	-
Eðlismassi:	2,533
Leysni:	Leysanlegt í vatni
Deilistuðull fyrir n-oktanól og vatn:	-
Sjálfsíkveikjuhitastig (°C):	-
Niðurbrotshitastig (°C):	-
Seigja:	-
Sprengifimi:	-
Oxunareiginleikar:	-

9.2. Aðrar upplýsingar

Leysanlegt í fitu:	-
Yfirborðsspenna (mN/m, 25 °C):	-

10. LIÐUR: Stöðugleiki og hvarfgirni

10.1. Hvarfgirni

Hvarfast ekki.



10.2. Efnafraeðilegur stöðugleiki

Varan er stöðug þegar hún er notuð samkvæmt leiðbeiningum birgis.

10.3. Möguleiki á hættulegu efnahvarfi Enginn þekktur.

10.4. Skilyrði sem ber að varast Engin þekkt.

10.5. Ósamrýmanleg efni

Forðist snertingu við sterkar sýrur, sterka basa, sterk oxandi efni og sterk afoxandi efni. **10.6. Hættuleg niðurbrotsefni** Engin við ráðlögð geymsluskilyrði.

11. LIÐUR: Eiturefnafraeðilegar upplýsingar

11.1. Upplýsingar um eiturefnafraeðileg áhrif

Efni	Váhrifaleið	Dýrategund	Prófun	Niðurstöður
Natríumkarbónat	Inntaka	Rottur	LD50	> 5000 mg/kg miðað við þyngd
Natríumkarbónat	Innöndun	Rottur	LC50 / 2 klst.	2300 mg/m ³ loft
Natríumkarbónat	Um húð	Kanínur	LD50	> 2000 mg/kg miðað við þyngd

Einkenni:

Innöndun: Innöndun ryks getur haft ertandi áhrif í efri öndunarvegi.

Inntaka: Inntaka getur valdið óþægindum.

Snerting við augu: Ertir augu. Veldur sviða og táraflóði.

Snerting við húð: Getur valdið ertingu í húð - getur orsakað roða. **Langtímaáhrif:** Engin þekkt.

12. LIÐUR: Vistfraeðilegar upplýsingar

12.1. Eiturhrif

Efni	Lengd prófunarinnar	Dýrategund	Prófun	Niðurstöður
Natríumkarbónat	96 klst.	Fiskar	LC50	300 mg/l
Natríumkarbónat	48 klst.	Halafær	EC50	200 - 227 mg/l

12.2. Þrávirkni og niðurbrotanleiki

Efni	Niðurbrotanleiki í vatni	Prófun	Niðurstöður
Engin gögn	-	-	-

12.3. Uppsöfnun í lífverum

Efni	Safnast mögulega fyrir í lífverum	LogPow	BCF
Engin gögn	Já	U.þ.b. 3	-



12.4. Hreyfanleiki í jarðvegi

Engin gögn.

12.5. Niðurstöður úr mati á PBT- og vPvB-eiginleikum

Varan uppfyllir ekki skilyrðin fyrir PBT-efni (þrávirkt, safnast upp í lífverum, eitrað) eða vPvB-efni (afar þrávirkt, safnast mjög fyrir í lífverum).

12.6. Önnur skaðleg áhrif

Engin.

13. LIÐUR: Förgun

13.1. Aðferðir við meðhöndlun úrgangs

Vöruna skal líta á sem hættulegan úrgang. Notið söfnunarkerfi viðkomandi sveitarfélags.

Úrgangsefnaflokkur	Kóði í evrópsku úrgangsskránni	Gerð úrgangs
X	20 01 29	Þvottaefni sem innihalda hættuleg efni

Sérstakar merkingar:

-

Mengaðar umbúðir:

Umbúðum sem innihalda leifar af vörunni skal farga á sama hátt og vörunni.

14. LIÐUR: Upplýsingar um flutninga

Varan fellur ekki undir reglur um flutning á hættulegum farmi á landi og sjó, í skilningi ADR og IMDG.

14.1–14.4.

-

14.5. Umhverfishættur

-

14.6. Sérstakar varúðarráðstafanir fyrir notanda

-

14.7. Flutningar búlkafarms skv. II. viðauka við MARPOL-samninginn frá '73/78 og IBC-kóðanum Á ekki við.

15. LIÐUR: Upplýsingar varðandi regluverk



15.1. Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis

Gerð er krafa um notkunarleiðbeiningar á vinnustað, þar sem varan inniheldur > 1% af efni sem flokkað

er sem hættulegt heilsu eða umhverfi, samkvæmt reglum umhverfisráðuneytisins. **Takmarkanir á notkun:**

-

Kröfur um sérstaka þjálfun:

-

Aðrar merkingar:

Inniheldur: natríumkarbónat, [497-19-8].

15.2. Efnaöryggismat Ekkert.

16. LIÐUR: Aðrar upplýsingar

Aðrar upplýsingar:

Heimildir:

Tilkynning Vinnueftirlitsins nr. 301 frá 13. maí 1993, um ákvörðun kóðanúmera, með áorðnum breytingum. Tilkynning um vinnu við efni og hráefni (iðefni) - BEK nr. 1793 frá 18/12/2015. Tilkynning Vinnueftirlitsins nr. 239 frá 6. apríl 2005, um vinnu ungmenna, með áorðnum breytingum. Tilkynning nr. 1369 frá 25. nóvember 2015 um markaðssetningu og merkingu rokkgjarnra lífrænna efnasambanda í tiltekinni málningu, lakki og vörum fyrir lökkun bifreiða.

Tilkynning nr. 1075 frá 24. nóvember 2011 um flokkun, pökkun, merkingu, sölu og geymslu á efnum og blöndum, með áorðnum breytingum. Tilkynning nr. 849 frá 24. júní 2014, í lögum um iðefni.

Tilkynning um sérstakar skyldur fyrir framleiðendur, birgja og innflytjendur o.fl. efna og hráefna, samkvæmt lögum um vinnuumhverfi - BEK nr. 1794 frá 18/12/2015.

Tilkynning nr. 507 frá 17/05/2011 um viðmiðunarmörk fyrir efni og hráefni, með áorðnum breytingum.

Tilkynning nr. 1309 frá 18/12/2012 um úrgang, með áorðnum breytingum.

Reglugerð ESB nr. 1907/2006 (REACH).

Reglugerð ESB nr. 1272/2008 (CLP), með áorðnum breytingum.

Reglugerð ESB nr. 276/2010.

ECHA – Efnastofnun Evrópu.

Heildartexti H-setninga sem vísað er til í 2. og 3. lið:

H319 - Veldur alvarlegri augnertingu.

Annað

Upplýsingarnar á þessu öryggisblaði eiga einungis við um vöruna sem um getur í 1. lið og eiga hugsanlega ekki við þegar varan er notuð samhliða öðrum vörum. **Breytingar hafa verið gerðar í eftirfarandi liðum:**

3 – REACH-númeri bætt við.

Þetta öryggisblað kemur í stað útgáfu:

1.1 (16-11-2016).
